

Sönghópar 3.-4. bekk

Nemendur í hópkenndu í söng sækja vikulega tíma í hálf klukkustund til söngkennara og læra að syngja saman fjölbreytta tónlist ásamt því að læra góða sviðsframkomu. Þessi kenndu er góður undirbúningur fyrir einkakennslu í söng síðar eða fyrir þátttöku í kórastarfi. Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í hópkenndu í söng.

Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan hátt.
- andi eðlilega og öndun fylgi hendingamótun.
- hafi náð grundvallartökum á tónmyndun.
- hafi náð grundvallartökum á inntónun.
- hafi þjálfast í að syngja í góðum samhljóðum með öðrum.
- sýni nokkurn skilning á sérhljóða- og samhljóðamyndun.
- syngi með skýrum textaframburði.
- hafi grundvallartök á hljóðnemataækni.
- hafi öðlast skilning á innihaldi þeirra ljóða og texta sem fengist var við í náminu.
- sýni grundvallarskilning á nótnalestri.
- hafi öðlast grundvallarhrynskyn.
- hafi þjálfast reglulega í að syngja utanbókar.
- hafi þjálfast í að syngja með píanóundirleik.
- hafi þjálfast í að syngja án undirleiks.
- hafi þjálfast í að nota hreyfingar með söng.
- hafi fengist við skapandi starf frá upphafi námsins.
- hafi þjálfast í ýmiskonar samsöng.
- hafi kynnst keðjusöng.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi lært til hlítar viðunandi fjölda verkefna.
- hafi þjálfast reglulega í fjölbreyttum söngæfingum.

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist miðað við aldur og reynslu:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samsöng
- öruggan og sannfærandi söng
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu